


Kanon arkitektar ehf
Helga Bragadóttir,
arkitekt FAÍ
Laugavegi 28
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. nóvember 2009
Tilvísun: UST20090200119/ksj

Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008 - 2024. Áfangaskýrsla 1 og matslýsing


Vísað er til erindis Kanon arkitekta fyrir hönd Sandgerðisbæjar dags. 18. febrúar 2009 þar sem óskað er umsagnar um áfangaskýrslu 1 og matslýsingu fyrir tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 – 2024. Umhverfisstofnun hefur áður sent ofangreindum aðilum umsögn dags. 7. maí 2009, en vegna athugasemda frá umhverfisfulltrúa Kólku ákvað stofnunin að draga til baka fyrri umsögn sína er varðar umfjöllun um urðunarsvæði á Stafnesi. Umhverfisstofnun þakkar bréf stýrihóps um endurskoðun aðalskipulags Sandgerðisbæjar dags. 6. júlí 2009, og óskar hópnum góðs gengis í áframhaldandi vinnu sinni.


Urðunarsvæði Stafnesi


Í umfjöllun um landnotkun í matslýsingu kemur fram að: „Óvissa er um framtíðar landnotkun á svæði sunnan við Stafnes. Þar er til skoðunar hvort miða eigi við hverfisvernd og nýtingu svæðisins til ferðamennsku og útivistar eða nýta það til urðunar ösku frá sorpbrennslustöðinni Kólku“. Að mati Umhverfisstofnunar er umrætt svæði ákjósanlegt útivistarsvæði enda liggur svæðið milli tveggja strandsvæða á náttúruminjaskrá, en einnig er svæðið metið sem kostur sem urðunarstaður fyrir flugösku frá Kólku. Árið 2003 fór fram mat á umhverfisáhrifum förgunar sorps á Suðurnesjum. Matið náði yfir sorpbrennslu-, móttöku- og flokkunarstöð í Helguvík, Reykjanesbæ og urðun á Stafnesi, Varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Í úrskurði Skipulagsstofnunar dags. 19. maí 2003 var fallist á framkvæmdina. Fram kemur í matsskýrslu framkvæmdarinnar að aðrir kostir varðandi urðunarstað hafi komið til greina, en þeir hafi verið útilokaðir vegna takmarkaðs rýmis, fjarlægðar frá sorpsöfnunarsvæði og tæknilegra vandkvæða. Ljóst sé því að svæði í Stafnesi hefur talist skásti kostur fyrir urðun flugösku frá Kólku. Umhverfisstofnun vill þó benda á mikilvægi þess að gerðar verði viðeigandi varúðarráðstafanir til að hindra að mengun berist í umhverfið ef til urðunar kemur og bendir á að í umsögnum stofnunarinnar frá 1.4. 2003 og 16.4. 2003 kemur skýrt fram að mögulega muni flugaska frá sorpbrennslustöðinni flokkast sem spilliefni. Síðan segir í umsögninni dags. 16.4. 2003: „Ef svo verður og óskað er eftir því að urða hana ómeðhöndlaða á urðunarstað í Stafnesi, þá mun stofnunin krefjast þess að frágangur urðunarsvæðisins verði í samræmi við það eða að gripið verði til annarra

ráðstafana til að koma í veg fyrir að mengun frá öskunni berist út í umhverfið. Þær ráðstafanir sem framkvæmdaraðili bendir á í svörum við athugasemdum Umhverfisstofnunar eru að steypa eða glerja öskuna. Þar með breytist ekki efnainnihald öskunnar en komið er í veg fyrir útskolun mengunarefna. Hvort þessi aðgerð er fullnægjandi er ekki hægt að segja til um þangað til rannsókn á því er lokið." Samkvæmt niðurstöðum mælinga sem gerðar hafa verið á flugösku frá Kólku er útskolun mengunarefna of mikil til að urða megi öskuna á urðunarstað fyrir almennan úrgang. Því er ljóst að komi ekki til meðhöndlunar sem minnki útskolun mengunarefna verði að urða öskuna sem spilliefni og verður frágangur urðunarsvæðisins að vera í samræmi við það eins og fram kemur í ofangreindri umsögn frá 16.4. 2003.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur




Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Sandgerðisbær
Skipulagsstofnun
Umhverfisfulltrúi Kólku